



FJARDABYGGÐ

## STARF TÓNLISTARKENNARA

# STARFSLÝSING

**Yfirmaður:** Skólastjóri

**Stofnun / Deild:** Tónlistarskóli Fáskrúðsfjarðar, Stöðvarfjarðar og Breiðdals

### 1. Meginviðfangsefni

Starfar samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og stefnu sveitarfélagsins.

### 2. Helstu verkefni

#### 2.1. Ábyrgð í starfi

- Að annast kennslu, tónleika og tónfundi samkvæmt meginmarkmiðum námskrár og stefnu skólans.
- Að skipuleggja starfið í samræmi við markmið og með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda hverju sinni.
- Að fylgjast með ástundun, framkomu og líðan nemenda og gera skólastjóra og forráðamönnum nemenda viðvart ef hann telur þörf á.
- Að fylgjast með aðbúnaði til náms og kennslu og gera skólastjóra viðvart ef umbóta er þörf.
- Að færa einkunnabækur og aðrar nauðsynlegar skýrslur.
- Að hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju.
- Að hafa jafnrétti nemenda í öllu skólastarfi að leiðarljósi.

#### 2.2. Samskipti

- Að veita skólastjóra upplýsingar um námsgengi einstakra nemenda.
- Að veita foreldrum sem gleggstar upplýsingar um skólann, skólastarfið og gengi viðkomandi nemanda.

#### 2.3. Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem að skólastjóri felur kennara eða verkefni sem eru skilgreind á hans ábyrgðarsviði.

### 3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

#### 3.1. Menntun og reynsla

- Réttindi til kennslu í tónlistarskóla
- Framhaldsmenntun er æskileg en ekki skilyrði
- Góð færni í hljóðfæraleyk
- Pekking á kennslu- og uppeldisfræði er æskileg
- Hreint sakavottorð
- Reynsla og almenn þekking á málefnum sveitarfélaga og stjórnsýslu.
- Þekking á helstu upplýsingakerfum sem notuð eru í sveitarféluginu.

### 3.2. Hæfnispættir

- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli